

Ed.

202. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 40. gr. laganna orðist svo:
Nefndarfundur er lögmetur, ef fundinn sækja eigi færri en 8 nefndarmenn.

2. gr.

Við 43. gr. k-lið laganna bætist þessi málsgrein:

Þó má bankaráðið ekki, án þess samþykki landsbankanefndarinnar komi til, gefa einstökum aðilja, hvort sem um einstakling eða félag er að ræða, eftir skuldir við bankann, er nemi yfir kr. 100000,00. Gildir þetta um allar eftirgjafir, þar á meðal um heimild bankans til að greiða atkvæði með tillögu til nauðasamninga, ef eftirgjöf bankans nemur téðri fjárhæð.

Nú telja a. m. k. tveir af bankaráðsmönnum, að ákvörðun meiri hluta bankaráðsins feli í sér eftirgjafir þær, er getur hér að framan, og geta þeir þá áfrýjað ákvörðun bankaráðsins til landsbankanefndarinnar. Kemur ákvörðun bankaráðsins þá ekki til framkvæmdar, nema landsbankanefndin leggi samþykki sitt á hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra.

Framsóknarflokkurinn hefir ákveðið að beita sér fyrir því, að öll bankalöggjöf landsins verði endurskoðuð, og flytja fulltrúar hans í fjárhagsnefndum þingsins þingsályktunartillögu um það efni. Enda þótt það leiði af því, að allar meiri háttar breytingar á bankakerfi landsins, sem fyrirhugaðar kunni að vera, bíði athugunar slíkrar nefndar, ef skipuð verður, þá eru nokkrar breytingar, sem nauðsynlegar verða að teljast nú þegar og ekki er rétt að láta bíða þangað til milliþinganefnd hefði skilað álit.

Frumvarp þetta felur í sér tvær breytingar, og verður gerð grein fyrir hvorri um sig.

Um 1. gr.

Það ákvæði er nú í landsbankalögum, að 10 menn af 15 þurfi að sitja fund í landsbankanefndinni til þess að hann sé lögmetur. Þetta ákvæði getur gert yfirstjórn bankans óstarfhæfa. Það getur mjög auðveldlega komið fyrir, ef ágreiningsmál er til meðferðar, að minni hluti geri nefndina óstarfhæfa með því að mæta ekki á fundum. Engin frambærileg ástæða virðist fyrir því, að fleiri en 8 menn þurfi að vera á fundi til þess að ákvörðun sé lögleg, eins og ráð er fyrir gert í 1. gr.

Um 2. gr.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, er yfirstjórn bankans í höndum landsbankanefndar og ráðherra þess, sem fer með bankamál. Bankaráð og framkvæmdarstjórar fara þó með hina daglegu framkvæmd, og er starfsvið þeirra nánar ákveðið í lögnum. Í 11. gr. c-lið nefndra laga er ákveðið, eftir að sérverkefni landsbankanefndar hafa verið skýrð, að nefndinni beri að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

Samkvæmt þessu er það ljóst, að landsbankanefndin ræður úrslitum þeirra mála, sem þannig er til hennar vísað, og það enda þótt þau séu meðal þeirra mála, sem bankaráði og framkvæmdarstjórunum er annars ætlað að ráða fram úr.

Nefnd sú, sem undirbjó þessi ákvæði landsbankalaganna, skýrir afstöðu landsbankanefndarinnar þannig, að hún sé nánast hliðstæð hluthafafundi í hlutfélögum, þar sem hún sé í raun réttri fulltrúi Alþingis um stjórn bankans, en bankinn sé rikiseign (sbr. nál. bankanefndar 1925, bls. 30 og bls. 59).

Nú verður það hinsvegar að viðurkennast, að þessi ákvæði gefa ekki næga tryggingu fyrir eðlilegri íhlutun landsbankanefndarinnar um hin stærstu mál. Þetta hefir reynslan sýnt áþreifanlega, — málum hefir yfirleitt ekki verið vísað til landsbankanefndarinnar.

Til þess að tryggja á eðlilegan hátt íhlutun nefndarinnar um sérstök vandamál er því réttast að ákveða nánar í lögnum um vald landsbankanefndarinnar í hinum þýðingarmestu málum. Er því í 2. gr. frumvarps þessa gert ráð fyrir, að ákvarðanir um eftirgjöf skulda hjá hinum stærstu skuldunautum geti ekki öðlazzt gildi án samþykkis landsbankanefndarinnar. Eru ákvæði sérstaklega sett um þessi mál vegna þess, að ákvarðanir um meðferð þeirra fyrirtækja, sem ekki eiga fyrir skuldum, eru ein þýðingarmestu og vandasömustu mál, sem til úrlausnar koma í stjórn lánsstofnunar.

Er það og afaráriðandi, að ekki sé of greiður aðgangur að því, að skuldunautar lánsstofnana geti fengið eftirgjafir á skuldum sínum. Bankanefndin, sem undirbjó frumvarp það til bankalaga, sem núgildandi landsbankalög eru að mestu byggð á, leggur á þetta áherzlu í áliti sínu og segir svo m. a.: „Meiri hluti leggur því til, að svo fljótt sem fært þykir að gera breytingar á stjórnarskránni séu teknar upp í stjórnarskrána ákvæði um einkarétt bankans til seðlaútgáfu og ákvæði um, að eigi megi með einföldum lögum skuldbinda bankann til fjárgreiðslu eða eftirgjafa á skuldum gegn vilja bankaráðs og framkvæmdarstjórnar.“ Virðist í alla staði eðlilegt og m. a. í fullu samræmi við þá skoðun, sem hér kemur fram, að til þess að hægt sé að gefa eftir einum aðilja 100000 kr. eða þar yfir, þurfi bæði bankaráð og landsbankanefnd að veita til þess samþykki sitt. Hér við bætist svo sú sterka röksemd, að rikissjóður hefir lagt fram áhættufé Landsbankans — stofnfé hans — og það er hans eign. Er því af þeirri ástæðu einni sjálfsagt, að eigi séu heimilar ótakmarkaðar eftirgjafir af skuldum án þess að samþykki landsbankanefndar komi til, þar sem hún fer fyrst og fremst með umboð Alþingis í stjórn bankans.